



Eftirlit með viðarvarnarefnum

*–Eftirlit með markaðssetningu
viðarvarnarefna vorið 2015*



1. Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Árið 2004 var sett reglugerð sem innleiddi evrópska tilskipun um sæfivörur á Íslandi. Sú reglugerð var endurnýjuð 2014 með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu allar sæfivörur að vera með markaðsleyfi eftir að búið er að áhættumeta virk efni þeirra fyrir viðeigandi vöruflokk.

Sæfivörur skiptast í 22 vöruflokka og skilgreining á vöruflokki 8, viðarvarnarefni, er eftirfarandi:

Vörur sem eru notaðar til að verja timbur þegar það kemur frá sögunarmyllu, svo og á vinnslustiginu í myllunni, eða timburafurðir, með því að verja fyrir lífverum sem eyðileggja timbrið eða spilla útliti þess.

Viðarvarnarefni innihalda virk efni sem geta verið skaðleg bæði heilsu fólks og umhverfi og því er mikilvægt að þessar vörur séu áhættumetnar og virkniprófaðar til að minnka váhrif vörunnar, en einnig að tryggja að varan sé jafn virk og haldið er fram.

2. Tilgangur og markmið

1. Tilgangur og markmið

Samkvæmt efnalögum er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með markaðssetningu sæfivara. Sæfivörur þurfa markaðsleyfi, þegar búið er að áhættumeta virk efni þeirra fyrir viðeigandi vörflokk, að vera merktar samkvæmt lögum og reglugerðum og afhenda þarf þeim öryggisblöð ef vörunar eru flokkaðar hættulegar skv. CLP og notaðar í atvinnuskyni. Ef að virka efni varanna eru tilkynnt í áhættumat fyrir viðeigandi vörflokk eru þær leyfilegar á markaði þar til að áhættumatið hefur farið fram.

Sambærilegt verkefni var unnið af Umhverfisstofnun árið 2014 og þá var farið fram á að 6 vörur yrðu fjarlægðar af markaði, þar sem þær höfðu ekki markaðsleyfi. Markmið eftirlitsins nú í ár var því bæði að kanna almennt stöðu viðarvarnarefna á markaði, en einnig að ganga úr skugga um að farið hefði verið eftir fyrirmælum stofnunarinnar frá árinu áður og ólöglegar vörur hefðu sannarlega verið fjarlægðar af markaði.

3. Framkvæmd

Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru í eftirlit í 10 fyrirtækjum sem vitað var frá fyrra eftirliti að markaðssettu viðvarnarefni. Þá voru einnig teknar stikkprufur í nokkrum verslunum fyrirtækja á Norðurlandi. Í úrtaki voru fyrirtæki sem eru framarlega í aðfangakeðjunni og hafa mikla markaðshlutdeild. Miðað við gögn sem stofnunin hefur undir höndum um innflutning á viðvarnarefnum, má ætla að fyrirtækin sem voru í úrtakinu séu samanlagt með um eða yfir 90% markaðshlutdeild hér á landi. Eftirlitsþegar koma fram í eftirfarandi lista:

Eftirlitsþegar í eftirliti með viðvarnarefnum á markaði í maí 2015.

- Bauhaus
- BYKO
- Flügger ehf.
- Húsasmiðjan ehf.
- K. Richter hf
- Kaupfélag Skagfirðinga
- Málningarverslun Íslands ehf.
- Múrbúðin
- Sérefni ehf.
- Slippfélagið ehf.
- Verkfæralagerinn ehf.

Eftirlitsferðir fóru fram dagana 11., 12., 13. og 15. maí 2015. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt var hvernig eftirlitinu yrði háttað. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hefði farið fram.

Frávik eða athugasemdir voru skráð og ljósmyndir voru teknar af merkingum vara sem gætu fallið undir skilgreiningu á vöruflokki 8, viðvarnarefni.

4. Helstu niðurstöður

Í eftirlitinu voru 23 vörur skoðaðar og í ljós kom að af þeim féllu 2 vörur ekki undir vöruflokk 8 viðvarnarefni heldur vöruflokk 7, rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu. Þær vörur munu þurfa markaðsleyfi þegar búið er að áhættumeta virku efni þeirra fyrir þann vöruflokk. Í sambærilegu eftirliti í fyrra var farið fram á að 6 viðvarnarefni án markaðsleyfis yrðu fjarlægð af markaði og einu fyrirtæki var gefinn frestur til að sækja um markaðsleyfi fyrir 2 vörur, sem ekki var nýttur. Af þessum vörum fundust 5 þeirra aftur í hillum í þessu eftirliti og í þeim tilfellum fór málið í eftirfylgni hjá lögfræðingi.

Eftirfarandi vörur fundust aftur í eftirliti 2015 eftir að krafist var að þær yrðu fjarlægðar af markaði 2014:

- Teknos, Woodex Base
- Teknos, Woodex Aqua Base
- Nordsjö, Tinova, Wood Base Oil, imprægneringsolje
- Nordsjö, Tinova V Træbæse, imprægneringsolje
- Slippfélagið, Viðar Grunnvörn

Í kjölfarið af eftirlitinu í ár fengu fyrirtækin frest til að sækja um markaðsleyfi fyrir þessar vörur en skyldu að öðrum kosti farga þeim.

Umhverfisstofnun hefur gefið út markaðsleyfi fyrir 4 viðvarnarefni og 2 þeirra fundust á markaði í þessu eftirliti.

Í eftirlitinu kom í ljós að fá viðvarnarefni eru flokkuð hættuleg skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun og merkingu (CLP) og því er ekki gerð krafa um íslenskar merkingar eða öryggisblöð. Samkvæmt reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur er ekki gerð krafa um íslenskar merkingar á sæfivöru ef hún er ekki flokkuð hættuleg skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun og merkingu

Fyrir þær vörur sem krafist var að yrðu fjarlægðar af markaði voru ekki skráð frávík varðandi merkingar.

Þau viðvarnarefni á markaði án markaðsleyfis sem ekki voru gerðar athugasemdir við innihéldu virk efni sem eru tilkynnt í áhættumat sem ekki er lokið. En skv. reglugerð um sæfivörur eru vörur sem innihalda virk efni sem tilkynnt eru í áhættumat leyfilegar á markaði þar til að áhættumati er lokið og virka efnið fer á lista yfir samþykkt virk efni fyrir viðeigandi vöruflokk. Þá þarf að sækja um markaðsleyfi fyrir vörurnar.

Frávik skráð fyrir 6 vörur (án markaðsleyfis)
2 vörur reyndust flokkast undir vöruflokk 7
5 vörur hafa verið fjarlægðar af markaði.
15 vörur innihéldu virk efni sem eru tilkynnt í áhættumat
Sótt hefur verið um markaðsleyfi fyrir 1 vöru

Eftirlitsþegum voru sendar eftirlitsskýrslur ásamt bréfi þann 29. júní 2015 og þeim fyrirtækjum, þar sem ekki komu fram frávik, var jafnframt tilkynnt um málslok. Þegar um var að ræða frávik var eftirlitsþega veittur frestur til 31. ágúst 2015 til að gera athugasemdir við eftirlitið og bregðast við frávikum. Ef ekki hafði verið farið eftir tilmælum stofnunarinnar fór málið í eftirfylgni til lögfræðings stofnunarinnar. Í öllum tilfellum nema einu var fallist á kröfur stofnunarinnar og vörur fjarlægðar af markaði. Í því tilfalli sem ekki var fallist á kröfur stofnunarinnar var fyrirtækinu afhent bréf varðandi varanlega stöðvun markaðssetningar og áform um dagsektir.

Enn virðast fyrirtæki ekki hafa kynnt sér reglurnar varðandi áhættumat og markaðsleyfi viðarvarnarefna og því ástæða til að áframhaldandi eftirlits með þessum vörum. Í sömu fyrirtækjum og farið farið var í eftirlit til er einnig mikið af vörum sem falla undir skilgreiningu á sæfivörum í vöruflokki 7. Þar sem að listinn yfir virk efni sem hafa verið áhættumetin fyrir þann vöruflokk lengist jafnt og þétt styttest í að farið verður í eftirlit með þeim vöruflokki.